

# AFSTADA

TIL ÁBYRGÐAR

FÉLAG FANGA OG ANNARRA ÁHUGAMANNA UM BAETT FANGELISMÁL OG BETRUN

Utanríkisráðuneytið

Hr. Gunnar Bragi Sveinsson,

utanríkisráðherra

Rauðarárstíg 25

105 Reykjavík

Akureyri, 12. september 2014.

Varðar: íslenska útgáfu af Evrópsku fangelsisreglunum.

Evrópsku fangelsisreglurnar, sem fela í sér lágmarksvernd til handa föngum, voru samþykktar voru af ráðherranefnd Evrópuráðsins 12. febrúar 1987 og í framhaldinu komið á framfæri við aðildarríki Evrópuráðsins með tilmælum ráðherranefndar ráðsins (Recommendation No (87) 3). Með breytingum á reglunum sem tóku gildi 11. janúar 2006 (Recommendation Rec(2006)2) var jafnframt samþykkt ályktun þar sem fram kemur að aðildarríki muni beita sér fyrir að reglurnar verði þýddar og komið á framfæri sem viðast, sérstaklega til þeirra sem starfa innan réttarkerfisins, starfsfólk fangelsa og þeirra sem frelsissviptir eru.

Reglurnar hafa nú verið þýddar á yfir 30 tungumál og birt af Evrópuráðinu. Íslensk stjórnvöld hafa hins vegar ekki látið þýða reglurnar. Því beini ég þeirri fyrirspurn til yðar hvort íslensk stjórnvöld hafi uppi áform um að þýða Evrópsku fangelsisreglurnar og koma þeim á framfæri, í samræmi við tilmæli ráðherranefndarinnar frá árinu 2006?

Þá kemur fram í sömu tilmælum að við gerð Evrópsku fangelsisreglnanna sé sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um varnir gegn pyntingum og vanvirðandi meðferð hafður til hliðsjónar. Í skýrslu vegna komu eftirlitsnefndar Evrópuráðsins (CPT-nefndar) til Íslands árið 2012 var þeim tilmælum komið á framfæri við íslensk stjórnvöld að þau myndu fullgilda OPCAT samning Sameinuðu þjóðanna, sem undirritaður var af hálfu íslenskra stjórnvalda 24. september 2003. Því beini ég jafnframt þeirri fyrirspurn til yðar hvort íslensk stjórnvöld hafi uppi fyrirætlanir um að fullgilda fyrrgreindan samning Sameinuðu þjóðanna?

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar Afstöðu, félags fanga,

Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður.